

## Reglur Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs um ferliþjónustu fatlaðra

1.gr.

Reglur þessar byggja á 35.gr laga nr.59/1992 um málefni fatlaðra.

2.gr.

Tilgangur ferliþjónustu fatlaðra er tvíþættur:

1. Að sinna akstri fyrir fatlaða á þjónustustofnanir, skv. 9. gr. laga um málefni fatlaðra nr.59/1992, og í aðra sértæka þjónustu sem ætluð er fötluðum sérstaklega, þ.m.t. atvinnu á vernduðum vinnustað.
2. Að gefa fötluðum kost á að stunda nám, atvinnu og tómsundur.

3.gr.

Ferliþjónustan er ætluð til afnota fyrir þá einstaklinga, sem skv. greiningu læknis hafa skerta getu andlega eða líkamlega, og ráða hvorki yfir né geta notað bifreið.

4.gr.

Þjónustusvæði ferliþjónustunnar er Fljótsdalshérað og skiptist annars vegar í þéttbýli Egilsstaða og Fellabæjar auk og hins vegar í dreifbýli. Fatlaðir hafa forgang en aldraðir og sjúkir geta sótt um þjónustuna og er þá hver umsókn metin sérstaklega.

5.gr.

Allir íbúar sveitarfélagsins sem falla undir skilgreiningu á notendum þjónustunnar í 3.gr. hafa rétt til aksturs samkvæmt 2.gr. 1.lið sér að kostnaðarlausu. Akstur skv. 2.gr. lið 2 skal metinn í hverju tilviki fyrir sig og er sveitarfélaginu heimilt að taka gjald fyrir þann akstur skv. gjaldskrá. Akstur skv. 2.gr. 1.lið hefur ætíð forgang.

6.gr.

Í þéttbýli (sbr. 4.gr.) þjónar sérstök bifreið fötluðum alla virka daga milli 8.00 og 17.00.

7.gr.

Í dreifbýli (sbr 4.gr.) er gerður sérstakur samningur við einkaaðila um að sinna akstri.

8.gr.

Um aðrar ferðir en þær er um getur hér að ofan skal samið sérstaklega við félagsmálastjóra og skal það gert a.m.k. 3. virkum dögum fyrir áætlaða ferð.

9.gr.

Umsóknir um ferliþjónustu skulu berast Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs á sérstökum eyðublöðum sem þar fást.

10.gr.

Um akstur einstaklinga sem ekki eiga lögheimili í sveitarfélaginu gildir að umsókn skal berast frá heimasveitarfélagi þjónustuþega um að Ferliþjónusta fatlaðra á Fljótsdalshéraði sinni akstrinum og skal þá heimasveitarfélag greiða fyrir umsamdar ferðir skv. gjaldskrá.

11.gr.

Framkvæmd þjónustunnar

Notendum ferliþjónustunnar skal ætíð sýna tilhlýðilega virðingu og sveigjanleika. Bifreiðarstjóra er heimilt að synja akstri í einstöku tilvikum séu til þess ríkar ástæður. Gera skal Félagsþjónustu Fljótshéraðs grein fyrir slíkum tilvikum jafnóðum.

Bifreiðastjóri ber ábyrgð á þjónustunni gagnvart notendum Ferðaþjónustu fatlaðra frá því að þeir yfirgefa brottfararstað og þar til þeir eru komnir á áfangastað. Fyllsta öryggis skal gætt við aksturinn og viðurkenndur öryggisbúnaður notaður. Þess skal gætt að notandi þjónustunnar sé tilbúinn til brottfarar á umsömdum tíma. Ef svo er ekki er bifreiðarstjóra heimilt að synja akstri, þó aðeins ef töfin hefði í för með sér riðlun á akstursskipulagi.

#### 12.gr.

Nauðsynlegt er að bifreiðastjóra sé kunnugt um sjúkdóma eða aðrar raskanir notanda sem gætu haft áhrif á aksturinn eða þarfnast inngripa af hálfu bifreiðarstjóra. Því ber að upplýsa starfsmann Félagsþjónustu Fljótshéraðs um slíkt þegar sótt er um þjónustuna.

#### 13.gr.

##### Áfrýjun

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun Félagsþjónustunnar til Félagsmálanefndar Fljótshéraðs, Fljótshrepps og Borgarfjarðar eystri innan fjögurra vikna frá því að honum bárust upplýsingar um ákvörðunina. Ákvörðun Félagsmálanefndar má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og skal það gert innan fjögurra vikna frá því að umsækjandi bárust upplýsingar um ákvörðun Félagsmálanefndar.